

Reglur um árangursviðmið kjarnaflokks

1. gr. Lágmarkstímabil vöru í kjarnaflokki er 12 mánuðir. Vara getur ekki fallið úr kjarnaflokki á lágmarkstímabilinu.

2. gr. Vörutegund í kjarnaflokki, sem lokið hefur lágmarkstímabili skv. 1. gr., þarf að uppfylla þau árangursviðmið sem fram eru sett í neðangreindri töflu til að halda sæti í kjarnaflokki.

	Vöruvalsdeild	Fjöldi
B1	Lagerbjór. Ljós í dós	62
B2	Lagerbjór, annar en B1	28
B3	Bjór, annar en B1 og B2	22
B4	Síder og áfengi undir 7% annað en bjór	20
V1	Vín í flöskum 501-1500 ml	302
V2	Vín í flöskum >1500 ml, vín í fernum og kössum	50
V3	Vín <=500 ml og annað áfengi 7-14,4% vínanda	21
F1	Styrkt vín, kryddvín og annað áfengi 14,5-22% vínanda	37
S1	Vodka og gin	37
S2	Áfengi yfir 22% vínanda annað en S1	98

3. gr. Vöruvalsdeildir: sjá 9. mgr. 2. gr. og 15. gr. vöruvalsreglugerðar, nr. 755/2011. Sjá einnig vöruvalsdeildatöflu.

4. gr. Hámarksfjöldi vara, í hverri vöruvalsdeild, sem haldið getur sæti sínu í kjarnaflokki við hverja tilfærslu úr reynsluflokki er takmarkaður. Framlegðarhæstu vörurnar, í hverri vöruvalsdeild, halda sæti sínu.

5. gr. Reglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 15. gr. vöruvalsreglugerðar nr. 755/2011 og koma í stað reglna um árangursviðmið kjarnaflokks, dags. 27. febrúar 2015. Reglur þessar öðlast gildi 1.2.2016.

Reykjavík, 4. desember 2015,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir